



Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði 8. apríl 2010

Umsögn til umhverfisnefndar Alþingis frumvarp til skipulagslaga. 138. löggjafarþing 425. mál.

Frumvarpið barst skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga með tölvupósti þann 10. mars s.l., gefin var umsagnarfrestur til 26. mars, s.l.. Samkvæmt upplýsingum skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga var óskað framlengingu umsagnarfrests til 7. apríl 2010. Fjórðungssamband Vestfirðinga er kunnug umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um efni frumvarpsins og lýsir stuðningi við efni hennar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill með þessari umsögn áréttta þau markmið vestfirskra sveitarfélaga að skipulag á nýtingu strandsvæða landsins eigi að vera á vegum stjórnvæðis sveitarfélaga. Um þetta atriði hafa sveitarfélögin árétttað með ályktunum á Fjórðungspingum Vestfirðinga, nú síðast ályktun 54. Fjórðungspings Vestfirðinga frá september 2009.

Sveitarfélög á Vestfjörðum óska eftir samstarfi við ríkisvaldið um skipulag strandsvæðis Vestfjarða. Það er mat Fjórðungspings að Vestfirðir séu kjörið svæði til þess að þróa aðferðir og reglur í þessum mikilvæga málaflokki, auk þess sem þar má finna sértæka þekkingu og fjölbreyttar rannsóknir á þessu sviði.

Á grundvelli framangreindrar ályktunar var á vegum Fjórðungssamband Vestfirðinga sett af stað á síðasta ári, verkefni um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða og Teiknistofuna Eik, Ísafirði og óskað hefur verið stuðnings stjórnvalda við verkefnið.

Markmið verkefnisins er eins og lýst er í framangreindri ályktun. En sá drifkraftur sem er hér bak við er að er sú viðleitni sveitarfélaga á Vestfjörðum að efla svæðið með sameiginlegri stefnumótun sem byggir á styrkleikum svæðisins. Þessir styrkleikar felast m.a. í haf- og strandsvæðunum og þeim auðlindum sem þar er að finna. Auðlindum sem núverandi atvinnustarfsemi og samfélög á Vestfjörðum hafa byggt á í aldir og vilja byggja á í framtíðinni. Má í því sambandi m.a. nefna fiskveiðar, fiskeldi, flutninga, ferðaþjónustu, útivist, efnistöku á hafsbotni, landfyllingar, virkjanir, vegagerð og aðra mannvirkjagerð.

Hér eru samfélög á sama hátt og á landi að fjalla um nýtingu auðlinda í sínu nærumhverfi. Það er mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að skipulag á nýtingu strandsvæða sé best komið hjá sveitarfélögum og sé þar farið með líkum hætti og með skipulagsgerð á landi. Nýtt frumvarp um skipulagslög beri því að hafa ákvæði um slíkt. Hér þarf því að breyta núverandi lögsögu sveitarfélaga til hafsins frá því sem hún er í




dag. Lögsagan nær í dag 115 metra frá stórstraumsfjöruborði en taka mætti viðmið af afmörkun sem miðast við tilskipun Evrópusambandsins um vatnsvernd.eða það viðmið sem sett var með breytingu lögum nr 13/2001 um kolvetnistarfsemi lög nr 8/2009. Gætu hin nýju mörk þá miðast við 1.852 m eða sem nemi einni sjómílu frá grunnlínupunktum eins og þeir eru skilgreindir um lögum um landhelgi Íslands nr 41/1979. Telji löggjafinn að ekki sé tímabært að stíga þetta skref, þá verður að gera þá kröfu að annars vegar verði sett af stað vinna um þróun aðferðafræði á þessu sviði og hinsvegar verði hið minnsta tryggður umsagnarréttur sveitarfélaganna á þessu svæði. Í skýringum með frumvarpinu um 10. gr, er varðar landsskipulag, er víkið lítillega að þessu atriði og mætti þá nálgast málið innan þeirrar lagagreinar. Hér má nýta vinnu af verkefni Fjórðungssamabands Vestfirðinga um nýtingaráætlun strandsvæðis.

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur einnig á undanförunum árum fjallað um hinn takmarkaða rétt sveitarfélaga sem afmarkast af lögsögu þeirra til hafsins. Hefur sambandið bent á hinn takmarkaðan aðgang sveitarfélaga að gerð umsagna eða beinnar aðkomu að leyfisveitingum til atvinnustarfsemi eða framkvæmda á strandsvæðinu við Ísland¹. Hér má m.a. vísa til umsagna Sambandsins Íslenskra sveitarfélaga til Alþingis vegna frumvarps til nýrra heildarlaga um fiskeldi (lög nr 71/2008) og frumvarps til laga um kolefnisstarfsemi (lög nr 166/2008). Í þessum umsögnum er því beint til Alþingis og stjórnvalda að koma til samstarfs við sveitarfélögin um mótun sameiginlegrar stefnu ríkis og sveitarfélaga um lögsögu sveitarfélaga til hafsins.

Benda má hér að lokum hve þetta mál er orðið brýnt. Aukin áhugi fyrir skelrækt við landið hefur kallað á viðbrögð stjórnvalda. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um skeldýrarækt (þingskjal 911, mál 522) sem gefa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vald til að ákveða um skiptingu ræktunarsvæða á strandsvæðinu, án nokkurrar aðkomu eða umsagnarréttar sveitarfélaga, nema þar komið er inn fyrir lögsögu þeirra (115 m frá stórstraumsfjöruborði). Til að setja þetta í samhengi þá ætti iðnaðarráðherra á sama hátt ákvarða án umsagnar sveitarfélaga um uppsetningu vindmyllugarða á strandsvæðinu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

¹ Að undaskildu ákvæði um umsagnarrétt sveitarfélaga inna s.m.b. 3. gr og 8 gr. laga nr 166/2008, lög um breytingu á ýmsum lögum um kolefnisstarfsemi.